



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Ministry of Social Affairs

Nýir styrkir fyrir börn og ungt fólk í íþróttá- og æskulýðstarfi

Félagsmálaráðuneytið hefur opnað fyrir umsóknir á íþróttá- og tómstundastyrkjum fyrir börn sem koma frá tekjulágum heimilum.

Félagsmálaráðuneytið hefur nú opnað fyrir umsóknir á sérstökum íþróttá- og tómstundastyrkjum fyrir börn sem búa á tekjulægri heimilum. Markmiðið með þeim er að jafna tækifæri barnanna til þátttöku í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi.

Styrkirnir koma til viðbótar hefðbundnum íþróttá- og tómstundastyrkjum sveitarfélaga. Alls verður um 900 milljónum króna varið í verkefnið árin 2020 og 2021.

Ráðuneytið hefur jafnframt búið til myndbönd á níu mismunandi tungumálum þar sem styrkirnir og fyrirkomulag þeirra er kynnt. <https://www.facebook.com/reykjanesbaer.is/videos/283797026350951>

Svona er sótt um styrk

Hægt er að sækja um styrk fyrir börn sem fædd eru á árunum 2005-2014 og búa á heimili þar sem heildartekjur heimilisins voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars – júlí 2020.

Styrkurinn er 45.000 kr. á hvert barn og um 13.000 börn eiga rétt á styrknum. Sveitarfélögin annast afgreiðslu styrkumsókna eftir að búið er að kanna rétt til styrksins inni á [Ísland.is](http://Island.is).

Styrkina er hægt er að nota til niðurgreiðslu á þátttökugjöldum vegna íþróttaiðkunar, tónlistanáms eða annarra tómstunda. Sveitarfélög setja reglur um úthlutun styrkjanna en fyrirkomulag getur verið breytilegt á milli sveitarfélaga til dæmis varðandi hvaða íþróttá- og tómstundastarf er styrkhæft, hvaða gögnum beri að skila með umsókn og afgreiðslutími umsókna.

Rannsóknir hafa sýnt að mikilvægt er að halda sem flestum börnum virkum í íþróttá- og frístundastarfi og tryggja jafnt aðgengi barna og unglunga að slíku starfi. Lögð hefur verið áhersla á að ná til sem flestra forráðamanna og hefur því verið komið af stað kynningarátaki á fjölda tungumála um íþróttá- og tómstundastyrkina. Nánar um styrkina á island.is